


Skýrsla um
Bessastaða skóla.
1840-1841.

Skírsla

um

Bessastaða-Skóla

fyrir skóla-árið 1840 — 1841.

Samiñ af

Jóni Jónsÿñi

Lector theologiæ R. af D.

Videyar Klaustri,

Prentuð á kostnað Bessastaða skóla.

1841.

Í einstøkum opinberum skólum í Danmørku hafði það æði leingi tídkast, að útgéfa á prenti á þeirra kostnað boðsrit (Programmata) til að hlusta á hið opinbera lærdómspróf (den offentlige Examen) í skólanum, áðurenn Løgjøfin fyrir skólana í Danmørku, er útgéfin var þann 7da Nov. 1809, í sínum 89 § bauð, að þessari venju skyldi framhalda í þeim skólum, í hvørjum hún áður hafði verið tídkanleg, en það hafði ekki verið nema í nokkrum og ekki nema við og við, og varð ekki heldur eptir það, að áminnst løggjøf útkom. Þessum boðsritum skólanna var eins háttað, eins og þeim boðsritum, sem Háskólarnir útgéfa til að boða eitthvørt árlegt hátíðarhald, eða einhvørja hátíð, sem haldast á til minníngar einhvørjum merkilegum viðburði, er Háskólinn álítur sér skyldt að halda á lopt og gjøra minnisstæðann. Þvílík boðsrit eru vøn að vera ýmislegs innihalds og mjøg ólíks, sem og er viðurkvæmilegt; því Háskólar hvørki ega né meiga láta sér vera óvitkomandi nokkurt vísindalegt efni. En þó sum af þessum boðsritum sýnist vera mjøg lítilfjørleg, hafa sum aptur verið harla lærdómsrík, og mikill missir í ef ekki hefðu útkomið; því margt lærdóms efni er þeirrar náttúru, að mestum þorra manna þikir lítill fróðleikur í og eingin skémtun að lesa, vill því ekkért fyrir géfa, þó útgéfið sé á prent, og þess vegna eingin Prentari prenta á sinn kostnað, sem þó einstøkum lærðum mønnum, af því það snertir vísinda grein þeirra, þikir mesta gérsemi, vegna þess það fræðir um eitthvað einstakt í vísindanna stóra ríki, lagfærir villu, eða vekur eptirtekt á að eitthvað sé ekki fullskoðað,

edur upplýsir betur þad sem menn ádur sáu í þoku, eda höfdu ekki gétad fullkomlega áttad sig í, svo ad margir vissnda menn kannské eptirá kannist vid, ad þad var ekki lítils verdt ad þvílíkr smárit útkom, þó þeim í fyrstu sýndist þad lítilfjörlegt. Einstök þvílík smárit hefdu traudléga útkomid ef Háskólar hefdu ekki útgéfid bodsrit til ýmislegs hátídar halds, nema rithöfundarnir hefdu verid efnadir eda svo hugadir ad géfa þau út á egin kostnad og hefdu líklega rotnad ásamt líkama höfundsins og aldrei sjed dagsins ljós. Eins og þeim umgétnu Háskólanna bodsritum hefir verid varid, eins hefir hinna lærdu skóla bodsritum verid háttad; þau hafa verid ýmislegs innihalds, sum lítilfjörleg, en önnur lærdómsrík; eins fyrir þad þó mörg þeirra hverki hafi géfid nokkra skírslu um þá skóla, frá hverjum þau hafa útkomid, né innihaldid nokkud skólum yfir höfud vidkomandi efni, nema einúngis þad ad boda þad einstaka hátídar hald, er bodsritid midadi til, eda bjóda mönnum ad hlusta á hid opinbera lærdómspróf í skólanum.

Í Íslands lærdu skólum, hverki á medan skólarnir voru í Skálholti eda á Hólum, né þann stutta tíma, sem skólinn var í Reykjavík, nefnilega frá 1787 til 1804 (árid 1804—1805 var hvergi opinber skóli í Íslandi), og ekki heldur eptir þad ad Hóla-skóla var steypt saman vid Reykjavíkur skóla ár 1801 [1]), var nokkurt bodsrit útgéfid frá skólum þessum, og ekki heldur útkom, eptir ad skólinn fluttist ad Bessastödum 1805, nokkurt bodsrit fyrrenn árid 1828. Þá kom út hid fyrsta bodsrit, sem frá nokkrum íslendskum skóla komid hefir, þad eg tilveit. Midadi þad til ad boda ad hátíd yrdi haldin í Bessastada skóla næsta Sunnudag eptir vors þá ríkjandi Konúngs Fridriks 6ta fædíngar dag, í minníngu nefnds dags. Uppá þessu höfdu stúngid þá verandi Stiptamtmadur Íslands Kammerherra P. F. Hoppe, R. af Dbr., nú Amtmadur í Veile Amti í

---

[1]) Sjá P. Pétursson: *Histor. eccles. Islandiæ. Havniæ* 1841 bladf. 364.

Jótlandi, og vor ennú lifandi Biskup Steingrímur Jónsson Commandeur af Dbr. og Dbrm: árið ádur þann 28da Janúar 1827; en Stjórnarráð (Direction) Háskólans og hinna lærdu skóla samþikkt med bréfi dagsettu 8da Sept. s. á. Frá þeim tíma hefir áminnst hátíd verid árlega haldin og bodsrit útkomid til ad bjóda til þeirrar hátídar. Bodsritin sjálf hafa verid ýmislegs efnis, og vona eg þess, ad minnsta kosti sum muni leingi uppi verda. Á þessari árlegu skóla hátíd, sídan hún byrjadi, hefir ræda verid haldin af einhverjum skólans kénnara, optast Lector, og einum skólans lærisveinum, og undireins hefir einstakur lærisveinn, einstøku sinnum tveir, er álitust ad taka ødrum fram í ydni, lærdóms framførum, sem tortryggilegt framferdi ekki bægdi þarfrá, verid heidradir med gjøf einstakrar bókar, hverri gáfu hefur samfara verid advørun Biskupsins í stuttri rædu til þess edur þeirra, sem hnossid hlutu, til ad láta sig ekki af því leida til ofmetnadar, og upphvatníng til enna sømu og annara lærisveina, ad taka sér fram í námsýsi og gódri breitni. Allt hefir þetta verid á latínu eptir fornum sið, eins og ádur rædur þær, sem haldnar voru vid byrjun og uppsøgn skólanna á hverju ári; hver venja vidhélst í Bessastada skóla líka, þángad til á seinni hluta áranna á milli 1810 og 1820, þá hún aflagdist og kénnendurnir hafa sídan haldid rædur sínar á Íslendsku, sem allir lærisveinarnir skildu; ad undanteknum þeim umgétnu rædum er haldnar hafa verid í minningu Konúngsins fædíngar, sem hafa verid á Latínu. Þessi hátíd í minníngu fædingar Fridriks ens 6ta, var sídast haldin þann 2an Febr. 1840, því híngad frá Danmørku til vors kærlæga lands hafdi þá enn ekki borist fregnin um lát Konúngsins.

En þótt eingin prentud bodsrit til ad hlusta á hid opinbera lærdómspróf í skólunum í Íslandi hafi af þeim útgéfin verid allt til þessa, hefir samt yfirheyrslan í Bessastada skóla einganveiginn framfarid med nokkurri leynd; því frá því skólinn fluttist ad Bessastødum haustid 1805, hefir ætíd nokkrum døgum ádurenn hid opinbera lærdómspróf (den

offentlige Examen) á vorin hefir byrjad, bædi hinna sem eptir verda og þeirra lærisveina, sem ætlast hefir verid til ad útskrifast skyldu, verid uppfest skriflegt bodsskjal á opinberum stad í Reykjavík og á Bessastødum [1]), med hvørju allir skólans vinir og velunnarar hafa bednir verid ad heidra þad opinbera lærdómspróf med þeirra nærveru, og í sama bodsskjali hefir verid tiltekinn dagur og tími, á hvørjum þeir sem útskrifast eiga, og hverr bekkur (Classe) skólans fyrir sig, og í hvørri vísindagrein útaf fyrir sig. Þeir ættu ad yfirheyrast; en eingin prentud skýrsla um skólans ástand og adgjørdir hefir hingad til verid útgefin, heldur hefir Stiptamtmanni og Biskupi Íslands árlega verid skriflega skírt frá øllu skólanum vidkomandi, og hvørnig og hvad hafi verid í skólanum kénnt. Af øllu þessu hefir lika afskrift árlega verid send því Konúnglega Stjórnarrádi (Direction) Háskólans og enna lærdu skóla ásamt fleirum skýrslum, sem bréf nefnds Stjórnarráds bauð, dagsett 16da Júlii 1806. Fyrst var ad hverjum mánudi lokuum send Stiptinu skýrsla af hverjum kénnara útaf fyrir sig, og hún tvískrifud (in Duplo), sín fyrir hvert, Stjórnarrádid og Stiptid sjálft, um þad, hvad hann hefdi á þeim mánudi kénnt og hvørnig ad því farid o. s. fr.; en sídustu ár, mørg nokkud, fór þad ad verda venja, ad gjøra þad ekki optar enn þrisvar á hvørju skóla ári, er reiknast frá 1ta October til enda næsta Maí mánadar. Med þess efsta kénnara skýrslum hafa árlega tøblur fylgt um þad, hvørnig hvørjum lærisveini útaf fyrir sig hafi tekist, þá hann opinberlega í Janúar og Maí mánudum var yfirheyrdur ad gjøra skil fyrir því sem hann hafdi numid. Allt til ársins 1830 kom dómurinn hé um einúngis uppá Biskupinn og skólans kénnara, en frá því ári, allt til þessa dags, hafa árlega á vorin tveir lærdir menn verid settir af Stipts-yfirvøldunum til ad vera

[1]) Þannig var þad ekki ádur í skólunum í Skálholti, á Hólum og í Reykjavík; þar var eingum óvidkomandi leift ad hlusta á yfirheyrslurna í skólanum, og Biskupinn einn grenslad ist í einrúmi, eptirad lausleg yfirheyrsla hafdi framfarid í skólanum, eptir þekkingu þeirra, er útskrifast áttu.

vidstaddir á medan á yfirheyrslu þeirra hefir stadid, sem ætl-adir hafa verid til ad útskrifast, til ad dæma um þekkíngu þeirra. Hverr þessara 7 dómara [2]) ritar jafnódt hjá sér sitt álit þar um í hverri vísindagrein, sem þeir burtfarandi (**Dimittendi**) eru yfirheyrdir í, og verdur ad lokunum lær-dóms vitnisburdur (Character) hvers eins burtfaranda sá, sem flest atkvædi til segja, þegar þau samanberast ad afloknu lærdómsprófinu. Sömu reglu er fylgt í vitnisburdargjöf (Character Uddeling) fyrir lærdóms framfarir þeirra, er ept-ir verda í skólanum, med þeim mismun, ad þá géfa ekki adrir atkvædi sín enn Biskupinn og kénnararnir; en hverr má hlusta á lærdóms prófid sem vill. Þær lærdómsprófs töblur (Character Tabeller) sem samdar hafa verid um þad hvernig lærisveinunum tekist hefir á vorin, hafa verid upp-festar í Reykjavík og á Bessastödum, en þær sem samdar hafa verid eptir midsvetrar yfirheyrsluna, einúngis á Bessa-stödum; því þá er ekkért opinbert lærdómspróf, heldur læri-sveinarnir einúngis yfirheyrdir í því, sem þeir hafa yfirfarid frá skóla tímans byrjun þann 1ta Oct. til Jóla.

En árid 1839 innkom med Póstskipinu umburdarbréf (**Circulaire**) þess konúnglega Stjórnarráds Háskólans og enna lærdu skóla, dagsett 14da Sept. s. á., er þad seut hafdi öllum skólum í Danmörku um þad, ad sérhverr skólameist-ari (**Rector**), edur sá sem gégnti hans embætti, skyldi fram-veigis árlega láta útgánga á prenti skýrslu um allt innvortis ásigkomulag skóla þess, hvers stjórnari hann er, og gaf ad skilja, ad augnamid þessa bodords væri: ad teingja enn nú fastara vináttu bandi alla Danmerkurríkis skóla enn ádur verid hefdi, og glæda velvilja, vinsöm afskipti og hluttekníng í skólanna kjörum hjá þeim, sem í grend vid þá byggju, sem er svo edla augnamid, ad valla nokkur þeinkjandi madur mun géta af sér feingid ad skora sig undan, ad leggja sitt til ad því verdi framgeingt. Nefnd skýrsla band ofannefnt Stjórnarrád ad skyldi útgéfast um þær mundir sem hid opin-

[2]) Þessir 7 dómarar eru: Biskupinn, þeir 2 settu lærdu menn og skólans 4 kénnarar.

bera lærdómspróf í skólunum framfæri, edur þá í Íslandi verda samfara bodsbréfi því, sem vant væri þar ad útgéfa til minníngar hátídar fædíngardags Konúngsins. En í þessu umburdarbréfi gat hid nefnda konúnglega Stjórnarráð undireins þess, ad þad enn nú hefdi ekki einskordad í hverju formi þessar skýrslur frá skólunum skyldu prentast, svo þessar skýrslur frá ýmsum skólum gjætu allar bundist saman í eina bók. Ákvørdun sína um hid sídast nefnda kunngjørdi sídar nefnt Stjórnarráð í ødru umburdarbréfi dagsk. 16da Nóv. s. á., en þad kom ekki til Íslands, og gat ekki komid, fyrrenn med vorskipum 1840, og barst oss þá undireins fregnin um lát vors elskada Konúngs Friderichs 6ta og ad vor nú ríkjandi allranádugasti Konúngur Kristján 8di væri setstur í hans sess. En þared fædíngardagur hans er hérumbil 2 vikum fyrr enn skólatíminn byrjar, beiddist eg af Stiptsyfirvøldunum þann 28da Júlí s. á. ad minníngar hátíd fædíngar Konúngsins, mætti ad minnsta kosti í þad skipti, haldast þ. 1ta Okt. mánadar, og bodsbréf prentast til þessarar Konúngs hátídar, eins og vani hefdi verid ámedan hinn fyrri Konúngur var á døgum; og þared til prentunar, sem bodsbréf, ætlud væri úleggíng á íslendsku 4ra sídustu bóka Odysseifs drápu, sem gjørd er af kénnara skólans Hra Sv. Egilssyni, bad eg ad þessar sídustu bækur mættu prentast í sama formi, sem þær fyrri bækur nefndrar útleggíngar, er ádur vóru prentadar, en fól á hendur Stiptsyfirvaldanna velþóknan og áliti og þess opt nefnda Stjórnarráds ákvardandi úrskurdi, hvert ofannefndar skýrslur um skólann fyrir hid umlidna skóla ár og bodsbréf skyldi útgéfast og skólahátíd árlega framveigis haldast þann 1ta Okt. hvers árs, ellegar vid skóla ársins lok einúngis med bodsbréfi bjóda til ad hlusta á hid opinbera lærdómspróf í því, sem lærisveinarnir hefdu numid. Ef hid sídara yrdi vidtekid, héllt eg ad hlífa mætti skólanum vid því útsvari, sem prentun þess vísindalega þáttar, ad vori þá komandi, kresdi, ef menn í þad skiptid, eins og vani hefdi verid þángad til, einúngis bydu, med uppfestu skjali á opinberum stad í Reykjavík og á Bessastødum þeim, sem þætti sér sjálfum eda

Íslandi umvardad hverjum framförum lærísveinarir tækju, ad hlusta á hid opinbera lærdómspróf í skólanum, svo ad einúngis skýrsla um skólans ástand og adgjørdir útgéfin yrdi á prenti á tilkomandi vori. Sømuleidis spurda eg hvert skýrslurnar um skólann ættu ad ritast á dønsku eda íslendsku, því ofannefnt Skólarádsins bréf þ. 14da Sept. gaf tilefni þartil [1]). Stiptsyfirvøldin leyfdu ad hátíd mætti haldast í þad skiptid þ. 1ta Okt. í minníngu vors allranádugasta Konúngs fædíngardags, en vildu ekkért framar þarum ákvarda fyrir eptirkomandi tíma, fyrr enn þau hefdi skrifast á þarum vid hid konúnglega Stjórnarrád Háskólans og enna lærdu skóla. Bodsbréfid til hátídarinnar var útgéfid, útleggíng á íslendsku 4ra sídustu bóka Odysseifs drápu, þ. 17da Aug. í fyrra sumar, og skólahátíd haldin þ. 1ta Okt. í Bessastada skóla, vid hverja fjølmenn samkoma var vidstødd, er sameiginlega bad af hjarta þeim ekki laungu ádur krýnda Konúngi lángra og gledilegra lífdaga; þar vóru sálmar súngnir, er hljódudu uppá hátídina og ræda haldin af Rector, allt á íslendsku, og glødduft skólans kénnarar og lærísveinar, og allir samankomnir af hátídinni. Skýrsla um skólann fyrir nærst umlidid skóla ár, nefnilega árid frá 1ta Okt. 1839 til 31ta Maji 1840 var ekki á prenti útgéfid, því ekki var neitt ákvardad um þad, hvert sú skýrsla skyldi ritast á íslendsku eda dønsku, sem eg í mínu bréfi dags. 29da Júlii 1840 hafdi spurt um, eins og hér ad ofan er umgétid, og þaradauk vóru allir kénnendurnir búnir ad senda til Stiptsyfirvaldanna allar þær skýrslur

[1]) Ofannefnt umburdarbréf Stjórnarráds Háskólans o. s. fr. dags. 14. Sept. 1839, seigir ad bodsbréf skólanna skuli skiptast í 2 pætti, annar þátturinn skuli innihalda eitthvert vísindum vidkomandi efni, sem einhverr af skóla kénnurunum semji, er best sé vidlátinn og hefir eitthvad fyrir hendi, hvad þad vonar ad ekki auki mjøg annir þeirra, þegar á alla er skipt, en bætir vid, ad þessi þáttur sé ekki naudsynlegur, en hinn þátturinn, býdur þad ad ætíd skuli árlega á prenti útgéfast af skólameistaranum (*Rector*) sjálfum, eda þeim sem gégnir hans embætti, og skuli hann innihalda skýrslu um skólann og hans adgjørdir; og er þetta bodord mjøg sanngjarnlegt, því þad sem almennings heillum vidkémur, á ad vera øllum kunnugt.

skriflega, sem boðið hafði verið að árlega skyldu sendast til þeirra og Stjórnarráðs Háskólans og enna lærðu skóla. En eptir það að nefnt Stjórnarráð hafði ákvarðað hvernig öllu áður umgétnu skyldi haga, er vér áður vórum í vafa um, létú Stiptsyfirvöldin mig vita 15da Maí þ. á. að sá vísindalegi þáttur boðsbréfsins mætti álítast sem þegar útgéfin fyrir umliðið skóla ár til 31ta Maí 1841, með því boðsbréfi sem útgéfið var í haust, er var, til Konúngs hátíðarinnar, en sá þáttur sem innihalda á skírslu um skólann, skuli útgéfast eptir það að búið er að uppseigja honum, og að skírslan skyldi semjast á íslendska túngu, en að ekkért boðsbréf skyldi útgéfast framveigis til minníngar hátíðar Konúngsins fæðingardags, heldur að einúngis sá af kénnurunum, er heldur ræðu þann 1ta Okt., þá skóla tíminn byrjar, skuli minnast Konúngsins fæðingardags.

Þetta álít eg nauðsynlegt að láta lesarana vita fyrirfram, áðurenn eg fer að skíra frá aðgjörðum og ástandi skólans umliðið skóla ár, til þess að þeir viti: hverrar náttúru þvílík boðsbréf eru og hver sé þeirra nytsemi, — því eg gjöri ráð fyrir að nokkrir í voru landi kunni að vera ófróðir þarum — og hversvegna sá vísindalegi þáttur ekki útkémur í ár, og hvarfyrir eg rita skírslu mína á íslendsku, sem mér hvert sem er sýnist, eins og Stiptsyfirvöldunum og svo hefir sýnst, viðurkvæmilegast; því mest er það umvarðandi að íslendskir sjálfir fái elsku til skóla vors, og velvilji annara skóla (sem oss er og hugarhaldið að viðhalda og efla) fyrirbygaist ekki heldur þarvið, þareð svo margir lærðir menn danskir eru farnir vel að skilja íslendska túngu, sem er líka þeirra sem vort upprunalega sameiginlegt móðurmál [1]).

Að þessu fyrirmæltu kém eg til að skíra frá skólanum, og byrja á að tala:

---

[1]) Sjá Formálann fyrir framan Chr. Molbechs Danske Ordbog. Fleiri eru hafa og þetta sama sýnt og sannað.

1) Um skólahúsid.

Þegar skólahúsid í Reykjavík, sem þó allmikid hafdi kostad, og líklega meira enn í byrjun var gjørt rád fyrir, sem er gamalt vøggumein, var ordid svo hrørlegt, ad í því vard ekki leingur skóli haldinn, og elgi svo fáir lærisveinar høfdu mist þar heilsuna, var skólinn fluttur eins og ádur er umgétid ad Bessastødum, í hús þad í hvørju Stiptamtmenn Íslands ádur høfdu búid, sem hefir í upphafi verid traustlega byggt, og er ennþá hlýtt og rambyggilegt, þó farnir séu ad firnast sumir vidir í því, en haganlegt skipulag (Indretning) herbergja handa skóla er þar ekki, þess er ekki heldur von, þared húsid var ekki upphaflega til þess ætlad; en eg efast ekki um ad nokkud meiri bót meigi ráda þará, en skéd er, án mjøg stórs kostnadar, en þó gétur ekki húsid fullnægt øllum skólans þørfum, þartil er ekki rúm, heldur yrdi ad bæta húsum vid ef skólinn yrti framveigis á Bessastødum, en þad uggir mig ad skólinn mundi traudlega fá eins traustbyggt hús og hlýtt, eins og húsid á Bessastødum er, ef þess misti vid, þó hitt nýtt væri. Ad bæta úr húsrúmsleysinu á Bessastødum var ad sønnu byrjad þau árin, sem Danmørk var med herskildi heimsókt af Enskum, nefnil. 1807, en vid þad vard þá ad hætta verr enn hálfbúid, því alla adflutnínga brast, og skipulagi húsa þeirra, sem byrjad var á ad byggja, hverju Greifi Trampe, þá verandi Stiptamtmadur Íslands, einn rédi, var svo ólaglega fyrirkomid, ad þau aldrei hefdu ordid hagauleg; þaradauki var þad, sem af þeim fullgjørdist, svo illa byggt og af svo ónýtu efni gjørt, ad þad gat ekki leingi stadid, sem reynslan líka eptirá sýndi; því undirkénnari (Adjunctus) Sv. Egilsson vard ad flýa úr þeim húsum, sem hann var í, fyrir 6 árum, og Dr. Scheving hefdi sama gjørt, ef hann hast hefdi nokkurt hæli ad flýa til, og ekki er annad sýnilegt, enn þad, sem af þessari stofnnudu byggíngu vard einúngis hálfgjørt og leingi hefir brúkad verid til ad láta inní hey og mó, þó þad hafi naumlega verid til þess hæft, detti brádum um sjálft sig. Þad sýnir sig sjálft.

Samt hefi eg heyrt að þetta hrákasmíði, ekki leingra enn það komst, hafi orðið fulldýrt. Það nýa hús, sem byggjast átti, er sláhyggt (Bindingsværk) með tígulsteini á milli þilja þar, sem það var fullbyggt. Í gamla húsinu á Bessastøðum, sem er steinhús, eru ekki aðrir enn skólalærisveinarnir og Brytinn (Spisemesteren) og hans hjú. Niðri í húsinu eru 2 lestrar herbergi, sitt fyrir hvern bekk (Classe) skólans, og herbergi til borðhalds fyrir skólalærisveinana. Uppi á loptinu er hvílu-herbergi þeirra, er smíðað var þegar skólinn var fluttur að Bessastøðum. Hitt af húsinu er eptirlátið brytanum handa honum sjálfum, hjúum hans og vistum, er hann meðþarf handa sér og til skólahaldsins. Vegna þess bækur skólans ekkért rúm gátu feingið í húsinu, þegar lærisveinarnir fjølguðu í skólanum, var herbergi tilbúið í Bessastaða kirkjuturni og síðar viðbætt øðru áføstu þarvið, sem geingur inn á kirkjuloptið, en það hefir þann galla, sem eg held mest komi af leka kirkjunnar, að þar er mjøg rakasamt, þó var það meira áður, á meðan múrveggir turnsins voru nýir, heldurenn það er nú. Dr. Scheving býr enn í nokkrum parti húss þess sem Greifi Trampe byrjaði á að láta byggja, og eitt lítið herbergi í sama húsi hafa þeir lærisveinar, sem sama ár er ætlað til að útskrifist, til þess þeir hafi betra næði að lesa. Hinir kénnararnir búa á jørðum í grend við Bessastaði, því húsrúm er ekki til á Bessastøðum handa þeim [1].

2) Um kénnarana.

Fjórir kénnarar eru við Bessastaða skóla:

1) Jón Jónsson, Attestatus theologiæ R. af Dbr. Hann hefir verið kénnari skólans, frá því hann fluttist að Bessastøðum árið 1805. Hann var undirkénnari í skólanum til ársins 1810, þá var hann settur til að gégna efsta kénnara

[1] Húsaleigu hafa þeir þess vegna feingið, 50 rbdli. árlega, sem þeir ekki mundu géta nægst með ef skólinn flyttist til Reykjavíkur, þó þeir máské seigi það, sem ekkért hús géta þar leigt.

(Til blſ. 13.)

Leſtrar-tabla

fyrir Beſsaſtada-ſkóla, ſkóla-árið 1840—1841.

klukkuſtundir	Mánudagur	Þridjudagur.	Midvikudagur.	Fimtudagur.	Foſtudagur.	Laugardagur.
f. m. 8—9.	Eb. Latina. Sch. Nb. Griſka. S. E.	Eb. Latina. Sch. Nb. ísl. St. B. G.	Eb. Latina. Sch. Nb. D. St. B. G.	Eb. Latina. Sch. Nb. ísl. St. B. G.	Eb. Latina Sch. Nb. D. St. B. G.	Eb. Latina. Sch. Nb. Ehl. L. St. S. E.
f. m. 9—10.	Eb. Griſka S. E. Nb. Latina. Sch.	Eb. D. St. J. J. Nb. Ehl. L. St. Sch. Nhl. L. St. B. G.	Eb. og Nb. Veraldar-ſaga S. E.	Eb. og Nb. Veraldar-ſaga S. E.	Eb. og Nb. Veraldar-ſaga. S. E.	Eb. og Nb. Veraldar-ſaga. S. E.
f. m. 10—11.	Eb. Jardarmfr. B. G. Nb. Trlærd. J. J.	Eb. Griſka. S. E. Nb. Latina. Sch.	Eb. Griſka. S. E. Nb. Latina. Sch.	Eb. Griſka. S. E. Nb. Latina. Sch.	Eb. Griſka. S. E. Nb. Latina. Sch.	Eb. Griſka. S. E. Nb. Latina. Sch.
f. m. 11—12.	Eb. Trlærd. J. J. Nb. Ehl. L. St. Sch. „ Nhl. L. St. B. G.	Eb. Trlærd. J. J. Nb. Griſka. S. E.	Eb. Trlærd. J. J. Nb. Griſka. S. E.	Eb. Trlærd. J. J. Nb. Griſka. S. E.	Eb. Trlærd. J. J. Nb. Griſka. S. E.	Eb. Trlærd. J. J. Nb. Griſka. S. E.
e. m. 2—3.	— „ —	Eb. Lſkfr. B. G. Nb. Trlærd. J. J.	Eb. jardmfr. B. G. Nb. Trlærd. J. J.	Eb. jardmfr. B. G. Nb. Trlærd. J. J.	Eb. jardmfr. B. G. Nb. Trlærd. J. J.	Eb. Danſka. S. E. Nb. Trlærd. J. J.
e. m. 3—4.	— „ —	Eb. Utſk. N. T. J. J. Nb. Danſka. B. G.	Eb. Hebreſka. J. J. Nb. Rliſt. B. G.	Eb. Utſk. N. T. J. J. Nb. Danſka. B. G.	Eb. Utſk. N. T. J. J. Nb. Lſkfr. B. G.	Eb. Hebreſka. J. J. Nb. Rliſt. B. G.
e. m. 4—5.	— „ —	Eb. L. St. Sch. Nb. Rliſt. B. G.	— „ —	Eb. D. St. J. J. og S. E. Nb. Ehl. L. St. Sch. — „ — Nhl. L. St. B. G.	Eb. Lat. St. Sch. Nb. Rliſt. B. G.	— „ —

Hér fyrir utan kennir *Lector* Hebreſk málfrædi (Hebraiſke *Grammaticalia*) þeim efſtu i nedri bekk 2 tíma hverja viku.

Skgr: J. J. þýdir *Lector* Jón Jónsſon. Sch. *Dr.* Scheving. S. E. kennara Sveinb. Egilsſon. B. G. kennara Bjorn Gunnlaugsſon. L. St. þýdir: Latinſkann ſtil. D. St. Danſkann ſtil. ísl. St. islendſkann ſtil. Lſkfr. Landaſkipunarfrædi (Geographi). Rliſt. Reikningsliſt. jardmfr. jardarmælingarfrædi (Geometri). Trlærd. lærdóm kriſtilegrar trúar. Utſk. N. T. Utſkiring Nýa-teſtamentiſins (Exegeſe). Eb. þýdir Efribekk. Nb. Nedribekk. Nb. Ehl. efri hluta, en Nhl. nedri hluta nedrabekkjar.

embætti (Lector theologiæ); en var veitt algjörlega þetta embætti 1815.

2) Dr. Hallgrímur Hannesson Schevíng, Candidatus seminarii pædagogici. Hann hefir verið undirkénnari (Adjunctus) skólans frá árinu 1810.

3) Sveinbjørn Egilsson, Attestatus theologiæ. Hann hefir verið undirkénnari (Adjunctus) Bessastaða skóla frá ári 1819.

4) Bjørn Gunnlaugsson, Candidatus Philosophiæ, héfir sømuleiðis verið undirkénnari (Adjunctus) nefnds skóla frá árinu 1822 [1].

Til þess menn géti séð hvað hverr þessara kénnir í skólanum, og hvað margir tímar um vikuna, hverri lærdómsgreín hafi verið ætlaðir, bæti eg hér við Lestrar-töblu, hverri fylgt var skóla-árið, sem liðið er, 1840—41.

Af Lestrar-töblunni má sjá: 1) Að Lector kénnir 19 tíma um vikuna, að ótøldum þeim 2ur tímum, sem hann um vikuna utan hjá kénnir hebresk málfræði (Grammatik) efri hluta neðribekkínga; Dr. Scheving kénnir 17 tíma um vikuna; Hra undirkénnari Sv. Egilsson 19 og Hra undirkénnari B. Gunnlaugsson líka 19 tíma um vikuna hverr. Aðgjætandi er: að lagfæring margra stíla heimtir tøluverðann tíma, allrahelst lagfæring latínskra, þareð latínan er svo ólík voru móðurmáli. Danskan er einganveigin eins ólík.

2) Sýnir Lestrar-taflan: að kénd er í 6 tíma latína í sérhverri viku, í hverjum bekk fyrir sig sérílagi, sømuleiðis 6 tíma gríska og eins 6 tíma lærdómur kristilegrar trúar í hverjum bekk; að jarðarmælíngarfræði (Geometri) er kénd í efrabekk 4 daga í viku og reikníngslist (Arithmetik) í neðrabekk 4 tíma [2]; veraldarsagan 4 tíma í báðum bekkjum sameiginlega, landaskipunarfræði 1 tíma í hverjum bekk; útskíring Nýa Testamentisins 3 tíma í viku í efrabekk; Hebreska 2 tíma í efrabekk, en 2 auka tíma í viku kénnir Lector

[1]) Lesa má nokkuð meir um þessa menn í P. Péturssonar *Histor. eccles. Islandiæ* bls. 381 til 384. [2]) Annaðhvert ár hefir reikníngslist verið kénd á vísindalegann hátt (systematiskt).

(sem ekki er í Lestrar-töblunni tiltekid) hebreskrar túngu fyrsta stafrof nedribekkíngum sem æskja þess. Ad skilja og útleggja danskt mál er kénnt 1 tíma í viku í efrabekk og 2 tíma í enum nedra. Sømuleidis sýnir Lestrar-tablan ad tvisvar í viku eru leidréttir efribekkínga latínsku stílar, 4sinnum í viku latínskir stílar efrahluta, og 3svar sinnum í viku nedrahluta nedribekkínga; og ad tvennir danskir stílar eru leidréttir í efri og eins margir í nedribekk á hverri viku, og eins tvennir íslendskir stílar nedribekkínga. Adgjætandi er hérvid ad ekki er kénnt í skólanum annanhvern mánudag, því þá eiga þau herbergi, sem lærisveinarnir hafa útaf fyrir sig, ad þvost; svo ad þeir lestrartímar sem fyrir mánudaginn standa í lestrar-töblunni falla þó úr, hvad Stiptsyfirvöldin hafa og leift, og eg hefi þá sannfæríngu, ad þad sé framførum lærisveinanna til einkis hnekkirs, því þekkíng verdur ekki látin í menn, eins og þá menn fylla eitthvad í kér. Ef kénníng og uppfrædíng á ad koma til sannra nota, verdur vísinda elska, sjálfrád laungun til eptirgrenslunar og framfara í þekkíngu (Lyst til Studering og Uddannelse) ad vera hjá þeim, sem uppfrædíngarinnar nýtur, samfara; en til þess útheimtist, ad hann hafi einhvern tíma afgángs frá óumflýanlegum hversdagslegum ætlunar verkum.

3) Um Skólalærisveinana o. s. frv.

Skólalærisveinunum er skipt í tvo bekki (Classer), efrabekk (2. Classe) og nedrabekk (1. Classe); þannig var þad og í skólunum í Skálholti (sídar í Reykjavík) og á Hólum; þá vóru ekki heldur nema 2 kénnarar vid hvern skóla, Skólameistari (**Rector**) og Lókatur Heyrari (**Conrector**), og eins var þad eptir ad skólinn frá Hólum var fluttur til Reykjavíkur, og þeir sameinadir til ad vera einn skóli, ad í honum vóru einúngis 2 kénnarar, nema einn vetur (1802—3) vóru þeir 3. Vid Bessastada skóla vóru ekki heldur nema 3 kénnarar til ársins 1822, þá mælíngarfrædum var bætt vid þad sem ádur hafdi kénnt verid í skólanum og reikníngslist kénd á vísindalegri hátt enn ádur, en þá vard

líka ad kippa burtu íslenzkum stíl fyrir eftirbekkínga úr Lestrar-töblunni, sem var missir í. Mikill óhagnadur er þad fyrir uppfrædínguna í skóla vorum ad lærisveinunum verdur ekki nema tvískipt, því þaraf rís þad, ad á hvørju ári verdur ad taka nokkra uppí efrabekk, sem ekki eru til þess færir, og vér ekki meigum í nedrabekk nógu leingi dvelja vid lærdómsgreinanna stafrof, sem þeir þó hafa þørf á, er styttst eru komnir. En á þessu mætti verda lagfæríng, ef húsrúmid leifdi ad lærisveinunum yrdi skipt í 3 jafnvel 4 bekki (Classer), þó med því móti, ad eínginn væri inntekinn í skólann, sem ekki hefdi lært Barnalærdóm sinn og væri fermdur, kynni ad skrifa, hefdi lært 4ar fyrstu reiknings greinir í heilli tølu (4 Spec. i hele Tal i Arithmetik), fyrsta grundvøll latínska og gríska málsins (Grammatik), hefdi ekki mjøg lítid æft sig í ad útleggja audskilda latínu og dálítid í ad útleggja audvelda grísku, skildi nokkurnvegin dønsku, og hefdi æft sig nokkud í ad gjøra latínskann stíl. Stiptsyfirvøldin hafa og í mørg undanfarin ár verid svo nærgjætin, ad taka ekki adra inní í skólann enn þá er svo lángt vóru komnir, en þad hafa þau ekki gétad adgjørt þó sumir væru hér í mjøg tæpstaddir. Ef húsrúmid leifdi ad skólalærisveinunum yrdi 3 skipt, mætti líka máské fjølga nokkud lærisveinunum og þeim géfast tækifæri ad læra eitthvad af því, sem vorn skóla vantar ad géta géfid uppfrædíngu í; hvarámedal eg fyrst og fremst nefni þýskuna [1]. En ef til þessa hverttveggja finnst rád, þyrfti líka ad bæta vid ad minnstakosti 1 kénnara. Vér íslendíngar meigum ekki hefja hugann mjøg hátt. Fátæktin bannar þad; því sérhver þjód, eins og sérhver einstakur madur, hlítur ad snída sér stakk eptir vexti, ef vel á ad fara. Ísland er hardt land, sem hafís opt heimsækir, er hefir í før med sér hardvidri og snjófergju á vetrum, en á sumrum frost, sífeldann þurk og gródurleysi;

[1]) Optast, sídan skólinn kom ad Bessastødum, hafa nokkrir lærisveinar sjálfkrafa lagt sig eptir ad skilja Þýsku, og til þess ad þeir gjætu þad, hefir hid Kgl. Stjórnarrád Hásk. og enna l. sk., eptir okkar beidni, sent bækur. Fáeinir hafa vid og vid þefad ofaní Frønsku.

eda sífellt vötvidri á óhaganleguſtu tíd, ſvo velmeigan er í því harla þverbreſtaſøm; til þeſs, og í því ſjálfu ern og allir adflutníngar ørdugir, og þeſsvegna margt útdráttarſamt, ſem medþarf til líſſins naudſynja.

Í ædi mørg undanfarin ár hafa verid 40 læriſveinar í Beſsaſtada ſkóla, 17 eda 18 í nedri og 22 eda 23 í efri bekk, hefir þá verid ſvo þétt ſett í bekki, ad líkſt hefir lømbum vid jøtugard. Fyrſt framan af vóru ekki nema 27 til 32 í þeſsum ſkóla, ſídar 36. Í ſkólunum í Skálholti og Reykjavík minnu optaſtnær hafa verid nálægt 30 og á Hólum nálægt 20 læriſveinar. Hin ſídari ár, ſem ſkólinn hefir verid á Beſsaſtødum hafa 2, einſtøku ſinnum 3 jafnvel 4 aukalæriſveinar notid þar til tilſagnar med ſkólalæriſveinunum kauplauſt, því vér høfum viljad ad ſvo margir nytu tilſagnar hjá oſs, ſem koſtur var á og vér gátum yfirkomiſt ad kénna, en ſjálfir hafa þeir mátt ſjá ſér fyrir koſti og húsnædi, ſtundum á ødrum bæum; og ekki høfum vér tekid þetta í mál nema med því ſkilyrdi, ad þeir eingin þreyngſli gjørdu læriſveinum þeim, ſem í ſkólann vóru innteknir, er eg ſtrax vid byrjun ſkóla-árs hvers heſi tilkinnt bædi þeim ſjálfum og þeim reglulegu ſkólalæriſveinum. Þeſsir aukalæriſveinar hafa 2 hin ſídúſtu ár ſtadid undir okkar ſkólakénnaranna aga (Disciplin) eins og hinir, ſem í ſkólann hafa verid reglulega innteknir, því eg hafdi tekid eptir, ad ef þeir væru þar frá ſkildir, gjæti þad óreglu ollad.

Hverjir læriſveinar hafi í ſkólanum verid reglulegir frá 1ta Október 1840 til 31ta Maji 1841, ſýna tøblurnar A. og B. En til þeſs ad leſararnir viti eptir hverri reglu nidurrødun ſkólalæriſveinanna er gjørd, vil eg upplýſa þá þárum: 1) Er vel ad merkja ad nidurrødunin er einúngis eptir ſem hverjum tókſt í því opinbera lærdómspróſi í vor. 2) Ad þeir ſem útſkrifuduſt, beraſt ſaman innbirdis útaf fyrir ſig; þeir í efrabekk, ſem eptir urdu í ſkólanum, útaf fyrir ſig, og eins þeir í nedrabekk. 3) Ad latínſkur ſtíll er tekinn 3faldt; Latína, Gríſka og hinn kriſtilegi trúarlærdómur 2faldt, en hitt allt einfaldt. Þannig gildir ágjætl. (udmærk. godt)

T a b l a

um þad, hvørnig þeim skólalærisveinum, sem eptir urdu, tókst í því opinbera lærdómsprófi í Majo 1841 í hvørri lærdómsgrein útaf fyrir sig.

Lærisveinanna nøfn.	J. Lat.	Lat. Stíl.	Grísku.	Donsku.	D. Stíl.	Ísl. Stíl.	Hebresku	Utsk. N. T.	Trlærd.	Sagnafrædi.	Lskfr.	Jardmfr.	Klist.	Høfud-tala.
1. Eiríkur O. Kúld.	ág.	dáv.	dáv.	ág.	dáv.	—"—	ág.	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	—"—	88
2. Daniel Haldórsson.	ág.	vel	dáv.	dáv.	dáv.	—"—	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	—"—	86
3. Brinjólfur Snorrason.	ág.	vel	dáv.	dáv.	dáv.	—"—	ág.	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	—"—	84
4. Gunnar Olafsson.	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	vel	—"—	ág.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	—"—	83
5. Haldór Kr. Fridriksson.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	vel	—"—	ág.	dáv.	ág.	dáv.	ág.	ág.	—"—	81
6. Jónas Gudmundsson.	dáv.	vel	vel	ág.	vel	—"—	ág.	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	—"—	80
7. Bjørn Haldórsson.	dáv.	vel.	dáv.	ág.	vel	—"—	ág. *	ág.	vel	ág.	ág.	ág.	—"—	80
8. Bjørn Þorláksson.	dáv.	vel	vel	dáv.	dáv.	—"—	ág.	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	dáv.	—"—	77
9. Sveinbjørn Gudmundarson.	dáv.	vel	vel	dáv.	vel	—"—	ág.	dáv.	dáv.	vel	ág.	ág.	—"—	76
10. Jón Arnason.	vel	vel	vel	dáv.	vel	—"—	dáv. *	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	—"—	74
11. Sigbjørn Sigfússon.	vel	vel	dáv.	vel	vel	—"—	dáv.	dáv.	vel	ág.	ág.	dáv.	—"—	73
12. Arni Bødvarsson.	vel	vel	vel	dáv.	vel	—"—	dáv.	vel	vel	dáv.	ág.	dáv.	—"—	70
13. Bjarni S. Gunnarsen.	dáv.	sæm.	vel	vel	vel	—"—	dáv.	dáv.	vel	vel	ág.	ág.	—"—	69
14. Snorri J. Nordfjørd.	vel	vel	sæm.	vel	vel	—"—	vel	vel	vel	sæm.	ág.	ág.	—"—	65
15. Einar Vernhardarson.	vel	vel	sæm.	vel	vel	—"—	vel	sæm.	vel	sæm.	ág.	ág.	—"—	64
16. Bergur Haldórsson.	sæm.	sæm.	sæm.	dáv.	vel	—"—	dáv.	vel	vel	sæm.	ág.	ág.	—"—	62
1. Jón Jónsson.	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	vel	dáv.	ág.	—"—	dáv.	ág.	ág.	—"—	ág.	83
2. Lárus Mikk. Jónsen.	dáv.	sæm.	ág.	ág.	dáv.	vel	ág.	—"—	dáv.	ág.	ág.	—"—	ág.	80
3. Jón Sigurdarson.	dáv.	vel	vel	vel	sæm.	sæm.	ág.	—"—	dáv.	dáv.	ág.	—"—	ág.	73
4. Arni Gíslason.	vard sjúkur nokkrum døgum ádurenn þad opinbera lærdómspróf byrjadi, og var rúmfastur medan þad varadi.													—"—
5. Oddur Hallgrímsson.	dáv.	vel	vel	dáv.	vel	vel	ág.	—"—	vel	vel	ág.	—"—	ág.	73
6. Steindór Stefánsson.	vel	sæm.	dáv.	ág.	vel	vel	vel *	—"—	vel	dáv.	ág.	—"—	ág.	70
7. Þórdur Þorgrímsson.	dáv.	sæm.	vel	dáv.	vel	vel	dáv. *	—"—	dáv.	ág.	ág.	—"—	sæm.	70
8. Magnús Gíslason.	dáv.	sæm.	dáv.	dáv.	sæm.	vel	dáv.	—"—	dáv.	vel	ág.	—"—	vel	70
9. Finnur Þorsteinsson.	vel	sæm.	vel	dáv.	sæm.	sæm.	ág. *	—"—	dáv.	ág.	ág.	—"—	ág.	70
10. Gudmundur Bjarnason.	sæm.	vel	vel	vel	vel	—"—	vel *	vel	dáv.	vel	ág.	ág.	—"—	68
11. Jóh. Knútur Benidiktsson.	dáv.	sæm.	vel	dáv.	vel	sæm.	ág.	—"—	vel	dáv.	dáv.	—"—	vel	67
12. Gunnlaugur Guttormsson.	vel	vel	vel	dáv.	vel	vel	vel	—"—	vel	vel	ág.	—"—	sæm.	66
13. Oddur Sveinsson.	vel	sæm.	vel	dáv.	sæm.	sæm.	vel	—"—	vel	dáv.	ág.	—"—	ág.	65.
14. Þorvaldur Bødvarsson.	vel	vel	vel	dáv.	vel	vel	sæm.	—"—	vel	sæm.	ág.	—"—	vel	65
15. Gunnar Hallgrímsson.	vel	lakl.	vel	vel	sæm.	sæm.	vel *	—"—	vel	ág.	ág.	—"—	sæm.	59
16. Karl O. Robb.	var fluttur sjúkur til foreldra sinna í Reykjavík nokkrum døgum undan því opinbera lærdóms prófi.													—"—
17. Bogi Thorarensen.	sæm.	sæm.	sæm.	dáv.	vel	vel	sæm.	—"—	vel	vel	ág.	—"—	sæm.	58
18. Steindór Torfason.	lakl.	vel	—"—	dáv.	vel	sæm.	—"—	—"—	vel	vard sjúkur sídast í lærdómsprófinu.				—"—

Skýr: Stjarnan (*) þýdir ad Odysseyfs drápa hefir verid lesin í stadinn fyrir Hebresku; en ág. þýdir ágjætlega; dáv. dável; sæm. sæmilega; lak. laklega.

B. (Til blads. 16.)

Tabla

um þad, hvernig hverjum af þeim sem útskrifudust tókst í því opinbera lærdómsprófi þann 21. 22. 24 og 25 Maii 1841 í hverri lærdómsgrein útaf fyrir sig.

Lærisveinanna nøfn.	Í Lat.	Lat. Stíl.	Grísku.	Dønsku.	D. Stíl.	Ísl. Stíl.	Hebresku.	Utsk. N. T.	Trlærd.	Sagnafrædi.	Lskfr.	Jardmfr.	Klist.	Høfudtala.
1. Vilh. Lúd. Finnsen.	ág.	dáv.	ág.	dáv.	dáv.	dáv.	ág. *	dáv.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	101
2. Þorkell Eiólfsson.	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	vel	dáv.	ág.	ág.	vel	ág.	ág.	ág.	94
3. Jóhann Kr. Briem.	dáv.	vel	vel	dáv.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	89
4. Bjarni Sveinsson.	vel	sæm.	vel	dáv.	vel	dáv.	vel	vel	vel	ág.	ág.	ág.	ág.	79
5. Tómas Þorsteinsson.	vel	sæm.	vel	vel	vel	vel	vel	vel	dáv.	sæm.	ág.	ág.	ág.	76
6. Jón Bjarnason.	vel	sæm.	sæm.	vel	vel	vel	vel	vel	vel	sæm.	dáv.	ág.	ág.	71

Skgr: Stjarnan (*) þýdir ad Odysseyfs drápa hefir verid lesin í stadinn fyrir Hebresku.

Athugasemd.

Í 1ta árgángi Sunnanpóstsins bls. 76—80. og í 3ja árgángi hans bls. 8 og eptirf. og 61 og eptirf. hefi eg getid um hverjir útskrifast hafi úr Bessastada-skóla árin 1827—37. Eg bæti hér því vid tøblum fyrir 3 ár, sem fylgja þar nærst eptir, nl. ár 1838—40 um hlutfall þeirra útskrifudu nefnd ár í því opinbera lærdómsprófi (den offentlige **Exam.**) á Bessastødum, þá þeir útskrifudust. Ekki nema einstakir sem í eptirfylgjandi tøblum eru nefndir hafa enn siglt til Kaupmannahafnar Háskóla; þeir sigla opt mørgum árum sídar enn þeir útskrifast. En þó þeim sem sigla gángi verr í 1a lærdómsprófinu vid Háskólann (**Exam. Art.**), enn þeim gékk hér þá þeir útskrifudust, er ekki furda, þegar þeir eiga ad gjøra skil fyrir því, sem þeir hafa numid á máli, sem ekki er þeirra módurmál; fer ekki Flensborgurunum, sem einstøku sinnum koma til Kaupmannahafnar Háskóla, líkt? Mundi ekki allflestum Dønskum líka verda stirt um mál, ef svara ættu á þýsku?

Tabla. a.

um þad hvernig hverjum af þeim sem útskrifudust tókst í því opinbera lærdómsprófi þann 19da—23ja Maii 1838 í hverri lærdómsgrein útaf fyrir sig.

Lærisveinanna nøfn.	Í Lat.	Lat. Stíl.	Grísku.	Dønsku.	D. Stíl.	Ísl. Stíl.	Hebresku.	Utsk. N. T.	Trlærd.	Sagnafrædi.	Lskfr..	Jardmfr.	Klist.	Høfudtala.
1. Gudmundur Einarsson.	ág.	vel.	ág.	dáv.	vel	dáv.	ág. *	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	ág.	96
2. Þórarinn Kristjánsson.	dáv.	vel	ág.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	95
3. Sigurdur P. Melsted.	dáv.	vel	ág.	dáv.	vel	vel	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	dáv.	94
4. Gudmundur E. Jónsen.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	vel	vel	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	dáv.	87
5. Jón Austfjørd.	dáv.	vel	vel	vel	vel	vel	dáv.	vel	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	84
6. Siggeir Pálsson.	vel	vel	vel	vel	dáv.	vel	dáv.	vel	vel	vel	dáv.	ág.	vel	77
7. Jón Austmann (privatisti skólans.)	dáv.	vel	dáv.	vel	vel	vel	dáv.	vel	dáv.	dáv.	ág.	ág.	sæm.	83

Tabla. b.

um þad, hvernig hverjum af þeim sem útskrifudust tókst í því opinbera lærdómsprófi þann 21ta og 23ja — 25ta Maji 1839 í hverri lærdómsgrein útaf fyrir sig.

Lærisveinanna nøfn.	Í Lat.	Lat. Stíl.	Grísku.	Dønsku.	D. Stíl.	Ísl. Stíl.	Hebresku.	Utsk. N. T.	Trlærd.	Sagnafrædi.	Lskfr.	Jardmfr.	Klist.	Høfudtala.
1. Gísli Magnúsarson.	ág.	dáv.	ág.	ág.	dáv.	vel	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	102
2. Sigfús Jónsson.	dáv.	dáv.	ág.	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	ág.	98
3. Sigurdur Gunnarsson.	ág.	vel	ág.	ág.	vel	vel	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	ág.	98
4. Sigurdur Jóh. G. Hansen.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	ág.	vel	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	90
5. Jón. Thorlacius.	dáv.	vel	vel	vel	vel	vel	dáv.	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	85
6. Jón Sv. Paulsen.	dáv.	dáv.	dáv.	sæm.	vel	vel	ág.	vel	vel	vel	vel	ág.	ág.	84
7. Magnús Austmann.	vel	vel	vel	vel	vel	vel	ág. *	vel	dáv.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	82
8. Magnús Jónsson.	sæm.	sæm.	sæm.	vel	vel	sæm.	vel	dáv.	dáv.	vel	ág.	sæm.	ág.	70
9. Þorlákur Jónsson (privatisti skólans.)	vel	sæm.	vel	vel	vel	vel	dáv. *	dáv.	vel	dáv.	dáv.	dáv.	vel	74

Tabla. c.

um þad hvernig hverjum af þeim sem útskrifudust, tókst í því opinbera lærdómsprófi þann 21ta — 23ja og 25ta — 26ta Maii 1840 í hverri lærdómsgrein útaf fyrir sig.

Lærisveinanna nøfn.	Í Lat.	Lat. Stíl.	Grísku.	Dønsku.	D. Stíl.	Ísl. Stíl.	Hebresku	Utsk. N. T.	Trlærd.	Sagnafrædi.	Lskfr.	Jardmfr.	Klist.	Høfudtala.
1. Gísli Jóhannesarson.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	vel	dáv.	ág.	ág.	ág.	dáv.	ág.	ág.	ág.	93
2. Bjarni Bjarnason.	dáv.	vel	dáv.	dáv.	vel	dáv.	ág.	ág.	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	91
3. Jón Þórdarson.	vel	vel	dáv.	dáv.	vel	vel	dáv. *	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	ág.	87
4. Helgi Sigurdarson.	dáv.	vel	dáv.	vel	vel	vel	vel	dáv.	dáv.	ág.	ág.	ág.	ág.	87
5. Stefán Jónsson.	dáv.	vel	dáv.	vel	vel	vel	dáv.	dáv.	dáv.	vel	vel	vel	vel	80
6. Sveinbjørn Eiólfsson.	vel	vel	dáv.	dáv.	vel	vel	dáv. *	dáv.	vel	vel	dáv.	ág.	vel	80
7. Stefán Bjarnarson.	sæm.	vel	vel	vel	vel	vel	vel	vel	vel	dáv.	ág.	ág.	dáv.	76
8. Gísli Thorarensen.	dáv.	vel	vel	vel	vel	vel	dáv. *	dáv.	sæm.	vel	vel	vel	dáv.	75
9. Gudmundur Jónsson.	vel	vel	vel	sæm.	vel	vel	vel	sæm.	vel	dáv.	ág.	dáv.	dáv.	75

Skgr. þar sem stjarna (*) er í þessum þremur Tøblum, þýdir ad Odysseifs drápa hefir verid lesin í stadin fyrir Hebresku.

Merk. Af þeim sem útskrifast hafa úr Bessastada-skóla þau ár, sem Tablan **B.** a, b, c, sýnir, hafa eptirfylgjandi siglt til Kaupmannahafnar Háskóla; af þeim sem standa:

Í Tøblunni a. Nr. 3 og 4, sem bádir feingu í 1ta lærdómsprófi Háskólans **Haud illaudabilis.** Nr. 3 lagdi sig ekki undir lærdómspróf Háskólans fyrri enn 1839; þarámóti hafdi Jens Sigurdsson (Sivertsen) og Jón Jónsson (Bjørnsen) útskrifast ár 1837 og Jón Ejólfsson 1835, á hverjum hinn fyrst nefndi fékk **Laudabilis**, hinir 2, **Haud illaudabilis** árid 1838.

Í Tøblunni b. hefir Nr. 1 siglt, sem fékk 1839 **Laudabilis**; en þaradauki lagdi sig undir 1ta Lærdómspróf Háskólans (**Exa. Art.**) sama ár Jón Sigurdsson (Sivertsen) útskrifadur 1837, er fékk **Laudabilis**, og Sigurdur (Sivert) Melsted, hvers er getid, þá talad er um Tøbluna a. héradofan.

Í Tøblunni c. Nr. 4 og 8; er bádir feingu **Haud illaudabilis.** Ad í Tøblunni a. og b. nefnast Privatistar skólans (aukalærisveinar) á þad ad merkja, ad þessir hafi notid kénslu í skólanum, en verid óreglulegir; en efsti kénnari hans **Lector** hafi samt géfid þeim vitnisburd (**Testimonium dimissionis**). Sbr. hérvid H. P. Selmers Kjøbenhavns Universitets Aarbog fyrir nefnd ár.

6, dável (meget godt) 5, vel (godt) 4, sæmilega (temmel. godt) 3, laklega (maadel.) 2, illa (slet) 1. Þegar einhver fær ágjætlega fyrir latínskann stíl, gildir það sama sem 18, en ef það er fyrir Latínu, Grísku eða trúarlærdóminn gildir það ekki nema 12, en fyrir hitt annað ekki nema 6. Þegar nú allar tölurnar leggjast saman, kémur út sú höfuðsumma sem aptast stendur og eptir henni fer niðurröðunin. Þegar fleiri fá sömu tölu situr sá ofar, sem ofar sat áður.

Stjórnarráð Háskólans og hinna l. sk ætlast til, að í skírslum frá sérhvörjum skóla gjörist grein á, hvörja lærdómsvitnisburði þeir sái, sem frá skólanum útskrifast í 1ta lærdómsprófi í Háskólanum; en það er auðskilið, að þessháttar skírsla verður að verða ófullkomin frá vorum skóla; því ekki fara til Háskólans frá Íslandi nema einstakir, sumir sama sumarið sem þeir útskrifast, en sumir 1, 2 eða fleirum sumrum síðar, en hvernig þessum síðar nefndu geingur við Háskólann, gétur skólanum ekki eiginlega, hvörki orðið til lofs eða lasts, því sumir bæta við, en sumum fer aptur. En hvert þeir, sem leggja fyrir sig lærdar bókmentir, sigla eða ekki sigla, kémur uppá ýmsar kríngumstæður, samt er fátæktin optar enn síðarnefnda ollandi. Eingann eða sáralítinn þátt á því, hvert einn er vel eða illa að sér, vel eða illa gáfaður.

Af þeim sem útskrifuðust seinast í Maí mánuði í ár hefir 1. verið í skóla í 7 ár, og notið þar ölmusu $1\frac{1}{2}$ ár,

1 ——	—— 6 ár	——	—— 5.
1 ——	—— 5 ár	——	—— 3.
1 ——	—— 5 ár	——	—— 2,
1 ——	—— 4 ár	——	—— 3.
1 ——	—— 3 ár	——	—— 2,

Af þeim 34, sem í skólanum eru eptir;

hafa 4 verið í skólanum	5 ár	8 verið þar — 2 ár og
9 ——	—— 4 ár	9 —— —— 1 ár
4 ——	—— 3 ár	

hafa 5 af þessum notið árs ölmusu í $3\frac{1}{2}$ ár	2 — — í $2\frac{1}{2}$ ár
1 —— —— í 3 ár	6 — — í 2 ár

2 notið hennar í $1\frac{1}{2}$ ár | og 10 eingrar ølmusu
8 — — í $\frac{1}{2}$ ár | notið.

Heils árs ølmusa er 60 rbd. r. S., en hálf 30 rbd. r. S. Allir lærisveinarnir fá uppfræðingu kauplaust; sömuleiðis kérti til lýsíngar og skófatnað; en þeir sem einúngis hálfrar ølmusu njóta, meiga gjalda hálft þjónustu kaup 2 rbdl. Hérað-auki fá þeir sem heil ølmusa er veitt, 3 bækur pappírs árlega, en hinir sem hálfrar njóta helmíngi minna. Árlega er Stjórnarráð Háskólans beðið um bækur þær, sem kénnararnir sameiginlega álíta skólalærisveinunum naudsynlegar og þarflegar og menn halda þeir hafi efni á að kaupa, og er það ætíð gjört árið á undan þær eru þeim seldar. Einn kénnaranna hefir það starf að selja þær, og hefir Herra undirkénnari Sv. Egilsson tekist það á hendur í mørg undanfarin ár. Stjórnarráð Háskólans og l. sk. setur ætíð verð þeirra undir bókhlødu verð, sem er mikill velgjørníngur, og þaradauki eptirgéfa Stiptsyfirvøldin, eptir þeim géfnum myndugleika af Stjórnarráðinu 22 Apríl. 1819, þeim allrafátækustu lærisveinum meira af verðinu, eptir Lectors tilhlutan (Indstilling).

4) Um Kénsluna.

Lestrar-tabla skólans fyrir umliðið skóla ár blads. 13 lýsir því hvert sé hvers Kénnara ætlunarverk að kénna, og hversu marga tíma um vikuna hverr fyrir sig kénnir. Það er þá ekki annað eptir enn skíra frá því, hvernig þeir í vetur hafa farið að því, og hvað þeir hafa yfirfarið með skólalærisveinunum, og skrifir hverr fyrir sig hér frá því sjálfur.

1) Lector. Eg hefi a) í guðfræðum lagt til grundvallar í báðum bekkjum við uppfræðíngu mína í skólanum Dr. Fogtmanns lærdómsbók í kristilegri trú, og hefi í Efrabekk yfirfarið í henni frá § 105, bókina út; en í Neðrabekk §§ 51 — 104. Í Neðrabekk héllt eg mér fastara til bókarinnar, yfirfór og útlistaði hvern § fyrst, og spurði svo daginn eptir að það var búið, lærisveinana útúr honum. Í Efrabekk héllt eg mér framar til efnis enn orða nefndrar lærdómsbókar og spurði ekki einúngis útúr því yfirfarna eptir orðum bókarinn-

ar og því sem eg hafdi sagt, mundi ekki heldur sjálfur það allt, heldur leitadist vid undireins ad skérpa og leida lærisvein: anna eptirþánka, og sýna í hverju sambandi sú lærdómsgrein, sem um hafdi verid talad í það skiptid, stendur vid adrar. b) Í nýa Testamentinn hefi eg umlidid skóla: ár ekki ein: úngis útlagt heldur líka útlistad 2 sídustu Kapítula Mark: úsar Gudspjalls, Jakobs bréf, bædi Péturs bréfin og 1 bréf Jóhannesar. Ádurenn eg byrjadi ad útlista bréfin, fyrirlas eg inngáng til bréfanna [1]). Ekki hefi eg skipt mér um ad útlista eiginlegleika málsins eda syntaktiskar reglur, eg hefi verid fullviss um ad medkénnari minn hefir gjört það betur enn eg er madur til, nema ef eitthvad fyrirkom er sérdeilis frábrugdid er hreinni Grísku, heldur hefi eg látid mér annt um ad útlista meiníngunna, og þánkanna gáng og nefnt það sem í hinnar fyrstu kristninnar öld og hennar tíma þeinkíngarhætti og ástandi, sem gétur leidbeinad til rétts skilníngs. c) Í Hebresku hefi eg yfirfarid í Efrabekk 1tu Móisis bókar 39 Kap. og út bókina ad undanteknum 49 Kapítulanum. Parí skipti eg mér ekki um annad, nema það vildi svo til, enn það sem málinu vickom. Í Nedrabekk hefi eg, med þeim sem þess æsktu, yfirfarid og útlistad Lindbergs stuttu vegleidslu í Hebreska málinu og 18 vers í 3 Kap 1tu Móisis bókar; allt med tilliti til málsins sjálfs. d) Hefi eg lagfært allra Efribekkínga dönsku stíla rinnsinni í viku, og annarshvers hitt skiptid, sem þeir hafa danskann stíl. Stílsefnid (thema) hefir verid ýmislegs innihalds, stundum á Íslensku, stundum á Latínu. Einnsinni hefi eg næstumlidid skóla: ár, í stadin fyrir danskann stíl, sett þeim fyrir spursmál í gudfrædilegu efni, er þeir hafa átt ad svara á dönsku, og hefi setid yfir þeim ámedan þeir hafa verid ad svara því; lagfært sídan hjá þeim það, sem rángt var í málinu, og skrifad athugasemdir nedanvid sérhvers svar, og vitnisburd (Character) eptir því

[1]) Svo vel í útlistun Nýa Testam: sem trúarlærdómsins útskíringu hefi eg litid mest til þeirra, sem ekki sigldu til Kaupmannahafnar Háskóla. Í uppfrædingunni hefi eg ékki þeinkt til *Exam. Artium* á Háskólanum.

sem mér sýndist hverr þeirra svarad hefdi; en sjálfur sídan leyst úr spursmálinu og látid úrlausn mína gánga umkríng á milli lærisveinanna.

2) Dr. Scheving. Skólastörf nedribekkínga á næstlidnu skóla-ári lét eg, eins og vani hefir verid til ad undanförnu, byrja á upprifjan þess, sem mér þókti mest áríðandi í hinum etymologiska kafla í Broders stærri latínsku Grammatik. Ad því búnu lét eg þá taka fyrir Julius Cæsar, og af því þeir, sem vóru fyrir í bekknum, höfdu ádur lesid hinar 5 fyrstu bækur af Cæsars bello Gallico, þeir nýu, sem vidbættust, sögdust einnig hafa lesid þær, þá lét eg þá sjálfa á hverjum deigi vinna ad hlutverki því, sem þeir skila áttu á næsta morgni. Vid yfirheyrslu í því, sem lesid var, leitadist eg vid ad vekja eptirtekt lærisveinanna á þeim eiginlegleikum málsins og þeim syntaktisku reglum, sem hvers dags hlutverk gaf tilefni til, og eg merkti ad fjöldin af þeim þurfti ad styrkjast í. Jafnvel um þad, sem eg gat gjört ráð fyrir ad flestir í bekknum vissu, spurdi eg vid og vid, því reynslan hefir kennt mér, ad þad eru ekki allir, sem vid lærdóm fást, er hirtni hafa á ad halda því vid sig, sem þeir hafa numid, ef þeir eru ekki endrum og sinnum um þad spurdir. Med þessum hætti yfirfór eg í nedrabekk 5 bækur af Cæsars bello Gallico. Ad því búnu yfirfór eg 2 bækur af Horatii Odis, ad þeim undanskildum sem ekki er vant ad lesa í skólum; af því ad þeir sem fyrir vóru í bekknum höfdu ádur lesid áminnstar 2 bækur, þá lét eg allann bekkinn, med sama hætti og eg fór ad í Cæsar spila uppá eigin spítur og lærisveinana lesa hvers morguns skilaverk, ádurenn þeir útlegdu þad hjá mér og eg spyrdi þá útúr því. Af því ordatiltæki Horatiusar og fyrirkomulag hugminda hans vída er býsna ólíkt óbundinni rædu, þá tok eg þetta hvorttveggja fram, þar sem tilefni gafst til þess. Þegar þad var búid, sem vant er ad lesa í Horatiusar Odis, las eg 37 kap. af varnarrædu Ciceros fyrir Roscius Amerinus, og hafdi þarvid líka atferd og þá, sem ádur er getid, þar sem eg minntist á Cæsar. Eins og ad undanförnu hefi eg lagfært hinn latínska stíl í nedrabekkjar efri deild, en

stílefnið hefir leingst verið tekið úr Henrichsens Materialier til latinske Stile, eða smásøgur hafa verið notaðar til stílsgjørðar. Með efribekkíngum hefir eg yfirfarið þrjár bækur Ciceros um skyldurnar og eins og eg gjørði í neðrabekk látið lærisveinana sjálfa lesa hvert ætlunarverk (pensum) á undan yfirheyrslunni. Með sama hætti hefi eg og lesið báðar bækur sendibréfa Horatiusar ásamt Arte poëtica og brúkað, að aðgjættum þekkíngar mun þessa bekkjar og hins neðra, svipaða aðferð þeirri, er eg að framan hefi umgétið. Sem að undanførnu hefir eg lagfært latínustíl efribekkínga og tekið stílsefnið úr Henrichsens Materialier til latinske Stile, eða þá annarsstaðar frá.

3) Undirkénnari (Adjunctus) Sv. Egilsson. Með efribekkjar lærisveinum las eg: 1) í grísku, a) í sundurlausri ræðu, Lúsíans „Samtal í Undirheimum (að undanteknu hinu 28da) og „Timon"; b) í skáldskap, 17. og 18. bók af Odysseifs drápu. Samtølin og þær 2 bækur af drápunni las eg með þeim á undan, en Timon lásu þeir sjálfir, en eg fór yfir það alltsaman með þeim aptur. 2) í donsku, a) í óbundnum stíl, Rahbekks donsku Lestrarbók 1. B. bls. 417 — 437; b) í ljóðmælum, sømu bókar bls. 218 – 256. 3) hefi eg leiðrétt danska stíla hjá øðrum hverjum efrabekkjar lærisveini, einu sinni í viku.

Eptir það að eg hafði látið neðrabekkjar lærisveina lesa upp og festa sér í minni hinar grísku nafna og sagnabreytíngar, og það markverðasta, sem þar að lýtur, eptir Langes grísku málfræði, fór eg að lesa grísku með þeim, og byrjaði þar sem eg hætti við í fyrra, í 2. kap. í 7. bók af Senofons Anabasis (um austurfør Sýrusar ýngra), las þá bók út, og svo fyrstu bókina, og komst 2 kapítula af 2i bókinni, fór eg yfir allt þetta aptur með þeim síðar koflum saman, til þess að festa þá í útleggíngunni og því nauðsynlegasta af málfræðinni, eins vel og eg héldt hverjum þeirra mundi lagið verða. Hjá tveimur efri hlutum bekkjarins lagfærði eg latínska stíla, einusinni í viku.

Af veraldarsøgunni yfirfóru lærsveinar í báðum bekkjum Rómverjasøgu undir Keisurunum og søgu hins gríska Keis-

aradæmis, Danmerkur og Noregssögu, Svíasögu, Rússa-sögu, Prússasögu og Pólandssögu, eptir H. A. Kofods ágripi af veraldarsögunni, útg. Kaupmh. 1838; hefi eg í hvert skipti sett lærisveinum fyrir kafl og kafl til ad kynna sér og nema, og hlýdt þeim svo yfir hvad eptir.

4) Undirkénnari (Adjunctus) B. Gunnlaugsson hefir kénnt umlidid skóla-ár, 1) hverjum bekk sérílagi, í Landaskip-unarfrædinni, um Frakkland, Helvetaland, Italíu, Ung-araland, Tirkjalønd í Norduráalfunni, og Asíu. Inn-gánginn til Landaskipunarfrædinnar og þar á eptir um Dan-mørku og Noreg. Hans adferd þar í er þessi: hann skrifar upp spursmál, hvar í hann flokkar þau atridi, sem hann álítur merkilegust, svo sem: borgir markverdar, vegna aldurs, stærdar, kaupverslunar, merkisvidburda og fleira. Hin-ar adrar spurníngar lagar hann eptir upptalníngum í Rises Landaskipunarbók. Þetta setur hann lærisveinunum fyrir til vikunnar, efrabekk á þridjudøgum og nedrabekk á føstudøgum. A næsta tíma hlýdir hann yfir þetta einhverjum pilti til skipta, þannig, ad hann lætur hann fyrst svara utanbókar og sídan benda á í Kortunum. 2) Hefir hann kénnt efribekkíngum alla jardarmælíngarfrædina (Geometri) eptir Ursín. Þar les hann yfir hverja setníngu og útfærir sannanirnar á tøblunni, bætir og stundum vid nýjum sønnunum, svo lærisveinarnir sjái sømu setnínguna sannada á ymislegann hátt. Ef tím-inn er nógur þá reynir hann lærisveinana, annars ekki. 3) Í nedrabekk kénnir hann Reikníngslist og fylgir þar í Byrni. Hann hefir yfirfarid þar skóla-árid, sem leid, hvernig talid sé (Numeratio), 4 reikníngsgreinir (species) í heilum, margs-konar og brotnum tølum, sømuleidis Proportionir, tugabrot, bókstafa reikníng, kvadratrætur og veldi; þetta hefir hann kénnt meira practice, enn theoretice; hann lætur því duga ad kénna lærisveinunum í nedrabekk ad reikna, og sýna til hvers adferdirnar sén. Þegar bókstafareikníngurinn byrjar, útskírir hann hversvegna bókstafir séu hentugri enn tølur, og sýnir ýmisleg dæmi uppá positiv og negativ stærdir, o. s. fr. 4) Hefir hann kénnt donsku. Lesid med lærisveinunum í

Rahbekks Lestrarbókar 2. B. í óbundnum stíl: ritgjørdirnar bls. 34—66 og í bundnum: Heroidurnar. Allt framar philologice og grammatice enn æstetice, þó nokkud bent til fegurda og svo vid Holbergs, den honette Ambition. Fyrst lætur hann lærisveinana lesa dønskuna, sídan snúa henni á íslendsku, og undireins gefur hann þeim íslendsk ord yfir dønsku ordin, þar sem lærisveinana vantar þau, gétur og um mismunandi eiginlegleika dønskunnar og íslendskunnar. 5) Hefir hann lagfært alla danska og íslendska stíla, eins og undanfarin ár í nedrabekk, og latínska stíla þeirra 6 lærisveina, sem vid skólans byrjun settust nedstir [1]). Hér í tekur hann ekki meira ad sér enn ad lagfæra grammaticalska errores, og heldur ad þeir sem stutt eru komnir, hafi ekki vid meira ad gjøra.

Loksins bæti eg vid, hvernig lærdómsprófinu í vor, sem haldid var þann 21. 22. og 24—27. Maí mánad., var skipt á nefnda daga, sem bodsskjalid, sem fest var uppí Reykjavík og Bessastødum, tilkynnti nokkrum døgum ádurenn hid opinbera lærdómspróf byrjadi.

Nidurrødin var þannig:

Føstudaginn	f. m.	8—10½	Eb. lærisveinarn. reyndir í Grísku.
		10½—11½	Nb. —— —— í Trúarlærd.
		11½—12	Eb. —— —— í Landaskfr.
	e. m.	2 — 6	Eb. Nb. og þeir sem útskrlf. r. í lat. stíl.
Laugardaginn	f. m.	8 —10	Nb. lærisveinar reyndir í latínu.
		10 — 12	Nb. og þeir sem útskrlf. r. í ísl. stíl.
	e. m.	2 — 6	Eb. Nb. og þeir sem útskr. r. í dønsk. stíl.

[1]) 9 nýir lærisveinar vóru inntekuir í skólann í byrjun skóla-ársins þ. 1ta Okt. 1840: Jón Jónsson, Magnús Gíslason, Finnur Þorsteinsson, Jóhann Knútur Benidiktsson, Bogi Thorarensen, Steindór Torfason, Bjørn Haldórsson, Gunnar Hallgrímsson og Gunnlaugur Guttormsson. Þeir sem inntakast í skólann setjast nedstir í hverjum bekk fyrir sig og nidurradast sín á milli eptir því sem þeirra latínski prófstíll finnst ad vera, med tilliti undireins til þess hvad bekkina snertir, hvad þeir hafa lesid. Þá fannst Bjørn Haldórsson einúngis fær um ad takast uppí efrabekk. Vid midsvetrar lærdómsprófid fá þessir þadsæti sem þeir med réttu eiga; þá er lærdómspróf á øllu.

Mánadaginn	f. m.	8 — 9	Eb. lærisv. reyndir í Veraldarsogunni.
		9 — 10	Nb. — — í Donsku.
		10 — 11	þeir sem útskrif. r. í Latínu.
		11 — 12	—— —— í Grísku.
	e. m.	2 — 3	—— —— í Hebresku.
		3 — 3½	—— —— í Landaskfrædi.
		3½ — 4½	—— —— í Trúarlærdómi.
		4½ — 5½	—— —— í Dousku.
Þridjudaginn	f. m.	8 — 9	—— —— í Reikn: og jardmfr.
		9 — 10	—— —— í skilníngi N. Test.
		10 — 11	—— —— í Veraldarsogunni.
		11 — 12	Dómur lagdur á framfarir hinna útskrif.
	e. m.	2 — 3	Nb. lærisveinar r. í Veraldarsogunni.
		3 — 4½	Eb. — — í Nýa Testamentinu.
		4½ — 6	Nb. — — í Reikníngslist.
Midvikudaginn	f. m.	8 — 10½	Eb. — — í Latínu.
		10½ — 11	Nb. — — í Landaskfrædi.
		11 — 12	Eb. — — í Dousku.
	e. m.	2 — 3	Eb. — — í Trúarlærdómi.
		3 — 5	Nb. — — í Grísku.
Fimtudaginn	f. m.	8 — 10	Eb. — — í Jardarmfrædi.
		10 — 12	Eb. og Nb. — í Hebresku.

Eptir middag vóru atkvædi samanborin og dómur lagdur á lærdóms framfarir þeirra lærsveina sem eptir urdu.



